

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Njarðvíkur.

RAFORKA

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og með því móti sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kWst.-mæli á kr. 52.80 hver kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 20.64 hver kWst., auk fastagjalds er nemi kr. 231.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verslun, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 80.00 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 13.20 hver kWst.

3. Vélanothkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 29.28 hver kWst., hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 7 560.00 á hvert uppsett kW vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 23.15 hver kWst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- og mjólkuriðnað er yfir 20 kW.
4. Um mæli á kr. 13 677 fyrir hvert kW. mest notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mín. meðalálág og auk þess kr. 4.90 á notaða kWst. Gjald vegna ljósanothkunar kr. 138.00 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h., en kr. 56.70 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 101.64 annars staðar.

5. Hitun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 3.36 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en í 1½ klst. í senn.
2. Um kWst.-mæli á kr. 1.56 hver kWst. í 9 klst. á tímanum frá klukkan 22 til 7.
3. Um kWst.-mæli á kr. 6.24 hver kWst., án rofs.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a) Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
- d) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess rýmis, er hita skal þegar þess er krafist.

6. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 15.60 hverja kWst., enda sé notkun mæld með sér mæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagir við byggingu meðan á byggingu stendur, kWst. mælir á kr. 29.50 hver kWst.

3. Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 4.80 hver kWst. á tímanum frá klukkan 22 til 8.30 og kr. 13.20 hver kWst. á tímanum frá klukkan 8.30 til 22.
4. Til gatnalýsingar á kr. 15.60 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskrárliði, skal setja eftir gjaldskrárlið 1—1.

7. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum, sem hér segir:

Af einfasa mælum upp að 30 amper	kr. 79.20 á mán.
Af þrífasa mælum upp að 50 amper	— 92.40 á mán.
Af þrífasa mælum 50—220 amper	— 231.60 á mán.
Af þrífasa mælum yfir 220 amper	— 310.80 á mán.
Af liða fyrir álagsstýringu	— 650.40 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leiga er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

8. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þesari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduopnun kr. 1 887.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 1 887.00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvís að notkun raforku án mælingar, skal hann sæta ábyrgð samkv. lið nr. 2 nema þyngri refsing liggji við.

9. Heimtaugargjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun, jafnframt leggja fram raflagnarteikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi tölum.

	Málstraumur stofnvara		Stofngjald
1.	63 A	1-fasa	79 584.00
2.	63 A	3-fasa	85 896.00
3.	200 A	3-fasa	174 240.00
4.	350 A	3-fasa	415 800.00

Rafveitan leggur ekki jarðlínuheimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknist frá lóðarmörkum við götu, stystu leið að varakassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa í innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu samkv. ósk heimtaugarbeiðanda skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en skeri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá, yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metra þannig:

Yj — (312 + kVA) kr./m. Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metra þannig: Yl — (62 + kVA) kr./m. að viðbættum kr. 18 216.00 á hvern staur í umframlengd.

Sé bráðabirgðaheimtaug lögð í vinnuskúr eða hús í byggingu, er greitt fyrir hana eins og hér segir:

Málstraumur	Stofngjald kr.	Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./staur
63 A 1-fasa	14 112.00	2 100.00	26 580.00
63 A 3-fasa	19 812.00	2 100.00	30 912.00
100 A 3-fasa	21 012.00	2 700.00	35 436.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja lóð og/eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

10. Ýmis ákvæði.

Söluskattur 18%, 1% viðlagasjóðsgjald, 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðarhitunar og 13% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, samtals 33%, eru talin í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, nema á töxtum 5—1, 5—2 og 5—3.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 293 30. júní 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 9. febrúar 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Voga- og Vatnsleysustrandarhrepps.

RAFORKA

Rafveita Voga- og Vatnsleysustrandarhrepps selur raforku á þann hátt og með því móti, sem hér segir: